



1. útgáfa 23.10.2019

# Öryggisblað (SDS)

Samkvæmt reglugerð Nr. 888/2015 (reglugerð EB Nr. 1907/2006 REACH)

## 1. Auðkenning efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins

1.1 Vörukenni:	<b>Trínatríumfosfat 12H<sub>2</sub>O N 23-01</b>		
Vörunúmer:	<b>9690 74251</b>	<b>25 kg</b>	
1.2 Viðeigandi og tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá:	Viðeigandi notkun Til iðnaðarnota. Notkun sem ráðið er frá Matvæli og dýrafóður.		
1.3 Söluaðili:	<b>N1</b> Dalvegur 10-14 201 Kópavogur Sími: 4401000 Netfang: <a href="mailto:n1@n1.is">n1@n1.is</a> Veffang: <a href="http://www.n1.is">www.n1.is</a>	<b>Framleiðandi:</b> Brenntag Nordic A/S Borupvang 5 b DK-2750 Ballerup, Danmörk 00-45-4329-2800 <a href="mailto:SDS.DK@brenntag-nordic.com">SDS.DK@brenntag-nordic.com</a> <a href="http://www.brenntag.com">www.brenntag.com</a>	
1.4 Neyðarsímanúmer:	Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 543 2222. Neyðarlínan, lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningar; sími 112.		

## 2. Hættugreining

### 2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar:

Flokkun skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

H315	Veldur húðertingu	Húðert.2
H391	Veldur alvarlegri augnertingu	Augnert.2
H335	Getur valdið ertingu í öndunarferum	SEM-VES 3

### 2.2 Merkingaratriði:

Merking skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

Hættumerki



Viðvörðunarorð

**VARÚÐ**

Hættusetningar

H315	Veldur húðertingu
H391	Veldur alvarlegri augnertingu
H335	Getur valdið ertingu í öndunarferum

Varnaðarsetningar

P102	Geymist þar sem börn ná ekki til.
P260	Andið ekki að ykkur ryki/reyk/lofttegund/úða/gufu/ýringi.
P280	Notið hlífðarhanska/hlífðarfatnað/augnhlíf/andlitshlíf.
P304+P340	EFTIR INNÖNDUN: Flytjið viðkomandi í ferskt loft og látið hann hvílast í stellingu sem léttir öndun.
P312	Hringið í EITRUNARMÍÐSTÖÐ/lækni ef lasleika verður vart.
P337+P313	Ef augnerting er viðvarandi: Leitið lækni.
P362+P364	Fjarlægjið snertilinsur ef það er auðvelt. Skolið áfram. Farið úr fötum, sem óhreinkast af efninu, og þvoið fyrir næstu notkun.

Inniheldur:

Trínatríumfosfat dódekahýdrat.

### 2.3 Aðrar hættur:

Eðlisfræðilegar

Varan er ekki eldfim.

**Heilsufarslegar**

Snerting við húð og augu getur valdið ertingu. Inntaka getur valdið ertingu í meltingarvegi, ógleði, uppköstum og niðurgangi.

**Umhverfislegar**

Losun í vatnsumhverfi hefur áhrif á sýrustig (pH).

Sjá lið 12.5 um PBT eða vPvB flokkun.

(**PBT**: Þrávirkt, safnast upp í lífverum, eitrað. **vPvB**: Afar þrávirkt, safnast mjög fyrir í lífverum).

Sjá einnig 11. og 15. lið.

---

### 3. Samsetning innihaldsefna / upplýsingar um innihaldsefni

---

#### 3.1 Efni:

Trínatríumfosfat dódekahýdrat			
Skráningarnúmer ECHA	01-2119489800-32	Innihald %	>=90 - <=100
Raðnúmer	-	Varnaðarmerki:	-
EINECS, ELINECS	231-509-8	H-setningar	-
CAS	10101-89-0	Flokkun, hættumerking	-
Hættuflokkun/Hættusetningar			
Húðert.2 - H315, Augnert.2 - H319, SEM-VES 3 - H335			

#### 3.2 Blöndur:

Á ekki við

Sjá texta H-setninga í 16. lið. Sjá flokkun efnisins í 2. lið.

---

### 4. Ráðstafanir í skyndihjálpi

---

#### 4.1 Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálpi:

Almennt	Leitið lækni við vanlíðan. Reynið aldrei að koma nokkru ofan í meðvitundarlaust fólk.
Innöndun	Haldið hinum slasaða rólegum og heitum. Tryggið ferskt loft.
Snerting við húð	Hreinsið húð með sápu og vatni. Fjarlægjið mengaðan fatnað og skó. Leitið lækni hverfi einkenni ekki fljótlega.
Snerting við augu	Skolið varlega með miklu vatni í a.m.k. 5 mín. og haldið augum vel opnum. Fjarlægjið augnlinsur. Leitið lækni hverfi einkenni ekki fljótlega.
Inntaka	Hreinsið munn með vatni og drekkið mikið vatn. Leitið lækni hverfi einkenni ekki fljótlega.

#### 4.2 Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin:

Sjá lið 11.

#### 4.3 Upplýsingar um tafarlausa læknisumönnun og sérstaka meðferð sem þörf er á:

Séu heilbrigðisstarfsmenn í vafa, ætti að hafa samband við Eitrunarmiðstöð LSH.

---

### 5. Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða

---

#### 5.1 Slökkvibúnaður:

Hentugur slökkvibúnaður: Veljið slökkviefni sem henta aðstæðum hverju sinni.

Óhentugur slökkvibúnaður: -

#### 5.2 Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar:

Varan er ekki eldfim.

#### 5.3 Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn:

Notið sjálfstæðan öndunarbúnað og fullan hlífðarfatnað. Hreinsið upp efni frá slökkvistarfi og mengað vatn skv. 6. lið, og fargið skv. 13. lið. Notið vatnsúða til að kæla nærliggjandi búnað. Hlutleysið slökkvivatn með basa.

---

### 6. Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysn

---

#### 6.1 Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir:

Tryggið góða loftræstingu. Reykið ekki. Forðist innöndun og snertingu við húð, augu og fatnað. Forðist rykmyndun. Notið viðeigandi persónuhlífar, sjá lið 8.

#### 6.2 Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins:

Stöðvið leka og dreifingu sé það unnt án áhættu. Komið í veg fyrir að efnið berist í niðurföll, grunnvatn eða jarðveg. Upplýsið Umhverfisstofnun um mengunarslys.

### 6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar:

Notið handverkfæri eða ryksugur við hreinsistörf. Setjið í þar til gerð ílát og fargið sbr. 13.lið. Skolið mengað svæði að lokum með miklu vatni.

### 6.4 Tilvísun í aðra liði:

Sjá lið 8. um persónuhlífar og lið 13. um förgun.

## 7. Meðhöndlun og geymsla

### 7.1 Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist rykmyndun. Forðist innöndun ryks og snertingu við húð eða fatnað.

Reykið ekki. Gætið hreinlætis við meðferð efnavara. Hreinsið hendur í vinnuhléum og þegar vinnu er lokið. Tæmdar umbúðir geta inni haldið efnaleifar. Notið viðeigandi persónuhlífar. Varmamyndun við uppleysingu í vatni.

Augnskol og sturtur ættu að vera til staðar þar sem unnið er með vöruna. Geymið vöruna fjarri matvælum og dýrafóðri. Farið úr menguðum fatnaði og hlífðarbúnaði áður en komið er á svæði þar sem matar er neytt. Hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju.

### 7.2 Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna mögulegs ósamrýmanleika:

Geymið ekki á gönguleiðum eða stigum. Geymið í vel luktum upprunalegum umbúðum á köldum, þurrum, vel loftræstum stað. Forðist hátt hitastig. Varan er ekki eldfim. Óhentug umbúðaeefni: Léttmálmar.

### 7.3 Sértek, endanleg notkun:

Sjá lið 1.

## 8. Váhrifavarnir / persónuhlífar

### 8.1 Takmörkunarfærubreytur:

Trínatríumfosfat dódekahýdrat					
Notkunarsvið vöru	Snertileið	Lýsing áhrifa	Mæliaðferð	Gildi	Eining
Atvinnutengt	Fólk, innöndun	Langtíma	DNEL	4,1	mg/m <sup>3</sup>
Neytendatengt	Fólk, innöndun	Langtíma	DNEL	3,0	mg/m <sup>3</sup>
Umhverfi	Sjór		PNEC	0,005	mg/l
Umhverfi	Ósamfelld losun		PNEC	0,5000	mg/l
Umhverfi	Hreinsistöð		PNEC	50,0	mg/l

DNEL (Derived no effect level).

PNEC (Predicted no effect concentration)

### 8.2 Váhrifavarnir:

#### Tæknileg atriði

Notið einungis á stöðum með fullnægjandi loftræstingu. Notið lokuð kerfi, punktsog eða aðrar aðferðir til að halda styrk efnisins sem lægstum. Sé þetta ekki nægilegt til að halda styrk undir viðmiðunarmörkum, ætti að nota öndunarbúnað. Það á aðeins við séu viðmiðunarmörk gefin upp í þessum lið.

Hreinsið húð vandlega eftir meðhöndlun efnavara, áður en nokkurs er neytt, farið er á salerni, og þegar vinnu er hætt. Gætið varúðar þegar farið er úr menguðum fatnaði.

Hreinsið mengaðan fatnað vandlega áður en hann er tekinn aftur í notkun. Sjáið til þess að augnskol og sturtur séu nærri vinnusvæði. Haldið vörunni fjarri matvörum.

#### Persónuhlífar

#### Augnhlífar

Notið hlífðargleraugu af viðurkenndri gerð með hliðarvörn (EN 166), eða andlitshlíf.

#### Húð - hendur

Notið efnahelda hanska úr nitríl eða bütýlgúmmí, eða Neopren, (EN 374).

#### Húð - annað

Mælt er með notkun langerma vinnufatnaðar (EN 13034).

#### Öndunarfæri

Notið CE merktan öndunarbúnað. Síugerð - agnasía P3.

#### Umhverfi

Forðist losun í yfirborðsvatn eða holræsakerfi.

## 9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

### 9.1 Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika:

Eðlisástand:	Fast efni, kristallað
Lykt:	Engin
Litur:	Litlaust
pH (10 g/l, 20°C):	11,8-12,0
Bræðslumark:	75°C
Eðlismassi:	0,9 g/cm <sup>3</sup> (í lausu formi)
Vatnsleysni við 20°C:	200 g/l
Sprengifími:	Neikvætt
Eldfími:	Neikvætt

### 9.2 Aðrar upplýsingar:

## 10. Stöðugleiki og hvarfgirni

### 10.1 Hvarfgirni:

Stöðugt við venjulegar geymslu- og notkunaraðstæður.

### 10.2 Efnafræðilegur stöðugleiki:

Stöðugt við venjulegar notkunaraðstæður.

### 10.3 Möguleiki á hættulegu efnahvarfi:

Snerting við vatn og málma veldur myndun vetnissgass.

### 10.4 Skilyrði sem ber að varast:

Upplýsingar eru ekki fyrirbyggjandi.

### 10.5 Ósamrýmanleg efni:

Léttir málmar.

### 10.6 Hættuleg niðurbrotsefni:

Upplýsingar eru ekki fyrirbyggjandi.

## 11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar

### 11.1 Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif:

Bráð eiturrhif, innöndun	Getur valdið ertingu í öndunarfærum.
Bráð eiturrhif, húð	Veldur húðertingu.
Bráð eiturrhif, augu	Veldur alvarlegri augnertingu.
Bráð eiturrhif, inntaka	Inntaka getur valdið ertingu í meltingarvegi,
Næming, húð/öndunarfæri	Ekki talið valda næmingu.
Krabbamein	Upplýsingar eru ekki fyrirbyggjandi.
Stökkbreytingar	Upplýsingar eru ekki fyrirbyggjandi.
Eitrun æxlunarfæra	Upplýsingar eru ekki fyrirbyggjandi.
Ásvelgingarhætta	Upplýsingar eru ekki fyrirbyggjandi.

#### Trínatríumfosfat dódekahýdrat

	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Bráð eiturrhif, inntaka	LD <sub>50</sub>	>2000	mg/kg	rotta	OECD 420

## 12. Vistfræðilegar upplýsingar

### 12.1 Eiturrhif:

#### Trínatríumfosfat dódekahýdrat

	Gildi	Niðurstaða	Tími	Dýrategund	Aðferð
Eiturrhif	LC <sub>50</sub>	>100 mg/l	96 klst	Fiskar	OECD 203
Eiturrhif	EC <sub>50</sub>	>100 mg/l	48 klst	Daphnia	OECD 202
Eiturrhif	EC <sub>50</sub>	>100 mg/l	72 klst	Þörungur	OECD 201
Eiturrhif	EC <sub>50</sub>	>1000 mg/l	seyra, 3 klst	Gerlar	OECD 209
Þrávirkni og niðurbrot		Ólífrænt efnasamband			
Uppsöfnun í lífverum		Lítill			
Dreifanleiki í jarðvegi		Leysist og hvarfast vel í vatni			
PBT/vPvB		Á ekki við			

---

## 13. Förgun

---

### 13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs:

Vara	Farga skal efninu samkvæmt gildandi lögum og reglum. Úrgang af efninu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku. Tæmið umbúðir vandlega.
Óhreinar umbúðir	Óhreinar umbúðir skal meðhöndla eins og vöruna sjálfa.

---

## 14. Upplýsingar um flutninga

---

ADR:	Varan er ekki flokkuð sem hættulegur farmur.
IMDG:	Varan er ekki flokkuð sem hættulegur farmur.
IATA:	Varan er ekki flokkuð sem hættulegur farmur.

---

## 15. Upplýsingar varðandi regluverk

---

### 13.1 Sértæk ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis:

Varan fellur undir eftirfarandi reglugerðir: 1907/2006 (REACH), 1272/2008 (CLP), Íslenskar reglugerðir 888/2015 og 415/2014 (CLP), með síðari breytingum.

13.2 Efnaöryggismat: Hefur farið fram.

---

## 16. Aðrar upplýsingar

---

Texti allra hættusetninga sem vikið er að á þessu öryggisblaði

H315	Veldur húðertingu
H391	Veldur alvarlegri augnertingu
H335	Getur valdið ertingu í öndunarfærum

Útgáfa: 1  
Dags: 23.10.2019

Öryggisblað þetta er þýtt af Gunnari Þórðarsyni efnaverkfræðingi.

Öryggisblað þetta er byggt á þeirri þekkingu sem fyrir liggur á útgáfudegi þess, um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi. Það felur ekki í sér neina ábyrgð á efniseiginleikum og á einungis við um vöruna eins og hún kemur frá seljanda. Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir. Notkun vörunnar er á ábyrgð notanda. Atvinnurekendur bera ábyrgð á útgáfu notkunarleiðbeininga sem eiga við þeirra vinnuumhverfi.

Frumheimild: **BRENNTAG NORDIC A/S**  
**Safety data sheet**  
**TRISODIUMPHOSPHATE 12H<sub>2</sub>O N 23-01**  
Útgáfa: 18.10.2108 Útgáfa 4.1